

**54. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 10. janúar og hófst hann kl. 09:00.**

**Fundinn sátu:**

Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir, Egill Sigurðsson og Elín Grétarsdóttir. Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

**Dagskrá**

1. Fundargerðir
2. Erindi til hreppsnefndar
3. Stórolfsvöllur kauptilboð
4. Samstarfssamningur um sameiginlegan seyrurekstur
5. Uppgjör launagreiðenda til A deildar Brúar lífeyrissjóðs vegna breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997
6. Vatnajökulsþjóðgarður kynning
7. Næsti fundur hreppsnefndar

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og leitaði afbrigða að bæta við undirliðnum e) Beiðni frá Guðný Eiríksdóttur og Arnari Stefánssyni um að taka húsin á Þóristungum og hestagirðingar á leigu undir lið 2. Erindi til hreppsnefndar. Samþykkt.

**Gengið til dagskrár:**

**1. Fundargerðir**

**a) 31. fundur stjórnarfundur Lundar, haldinn 14. desember 2017**

Lagt fram til kynningar.

**b) 50. fundur félagsmálanefndar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs., haldinn 14. desember 2017.**

Lagt fram til kynningar.

**c) 147. fundur skipulagsnefndar haldinn 21. desember 2017, liður 24 þarfnast umfjöllunar**

Liður 24. Aðalskipulag Rangárþings Ytra 2016-2028: Umsagnarbeiðni - 1712028

*Lögð fram til umsagnar tillaga að endurskoðun Aðalskipulags Rangárþings ytra 2016-2028.*

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við aðalskipulagstillöguna með fyrirvara um að fara þarf yfir að sveitarfélagamörk séu í samræmi við afmörkun markanna í aðalskipulagi aðliggjandi sveitarfélaga.*

Hreppsnefnd staðfestir bókun skipulagsnefndar.

**d) Fundargerð oddvitanefndar uppsveita frá 21. desember 2017**

Liður 1. *Tekið fyrir erindi Ásahrepps frá 15. desember síðastliðnum þar sem óskað er eftir aðkomu að rekstri og eignaraðild að Seyrustöðum, en áætlaður hlutur Ásahrepps í núverandi stofnbúnaði er 2 milljónir. Nefndin samþykkir að Áshreppur verði aðili að verkefninu og felur Jóni Valgeirssyni að setja upp samninginn á grundvelli þessa.*

Lagt fram til kynningar

**e) 17. fundur stjórnar Húsakynna bs. haldinn 24. nóvember sl. liður 3 þarfnast umfjöllunar**

Liður 3. 1711044 - Fjárhagsáætlun 2018 - Húsakynni bs

Á 53. fundi hreppsnefndar var afgreiðslu liðsins frestað og óskað eftir upplýsingum um hvaða framkvæmdir séu á áætlun 2018.

Sveitarstjórar og oddvitar Rangárþings ytra og Ásahrepps áttu fund 29. desember 2017 vegna samstarfsverkefna. Á þann fund mætti Bjarni Jón Matthíasson starfsmaður Rangárþings ytra og fór yfir fyrirhugaðar framkvæmdir hjá Húsakynnum bs.

Hreppsnefnd frestar afgreiðslu liðsins og felur sveitarstjóra að kalla eftir sundurliðaðri kostnaðar- og framkvæmdaráætlun. Jafnframt er sveitarstjóra falið að útbúa viðauka vegna áætlunarinnar og leggja fyrir næsta fund.

**f) 51. fundur Vatnveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps haldinn 27. nóvember sl. liður 3 þarfnast umfjöllunar.**

Liður 3. 1709019 - Fjárhagsáætlun Vatnsveitu 2018

Hreppsnefnd frestaði afgreiðslu liðsins á 53. fundi hreppsnefndar og óskaði eftir frekari kynningu. Sveitarstjórar og oddvitar Rangárbings ytra og Ásahrepps áttu fund 29. desember 2017 vegna samstarfsverkefna. Á þann fund mættu Bjarni Jón Matthíasson og Guðni Kristinsson starfsmenn Rangárbings ytra og kynntu þær framkvæmdir sem eru á áætlun fyrir árið 2018 og næstu ár hjá Vatnsveitunni.

Með hliðsjón af þeim fjármunum sem þegar hefur verið varið í styrkingu Vatnsveitunnar og þeirri óvissu sem ríkir um heildarkostnað við frekari styrkingu veitunnar og viðhaldsþörf hennar sér hreppsnefnd sér ekki fært að staðfesta fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun fyrir sitt leyti. Hreppsnefnd leggur til að klárað verði að kortleggja veituna og tilboð verði fengið í að vinna heildstætt mat á vatnsveitunni og gerð verði langtíma starfs-, rekstrar- og framkvæmdaráætlun til styrkingar á vatnsveitunni út frá þeim gögnum sem þegar hafa verið unnin. Samþykkt.

**2. Erindi til hreppsnefndar**

**a) Ósk um tilnefningu fulltrúa í verkefnisstjórn Landsmóts hestamanna 2020 frá stjórn Rangárbakka**

Samþykkt að tilnefna BJJ sem fulltrúa Ásahrepps.

**b) Umsókn um nýtt rekstrarleyfi fyrir Miðmundarholt 1 fastanúmer 222-2470 gisting flokkur II frístundahús frá Reyni Erni Pálmasyri, f.h. Margrétarhofs ehf.**

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við að rekstrarleyfi verði veitt með fyrirvara um samþykki byggingarfulltrúa. Hreppsnefnd óskar eftir afriti af leyfinu þegar það liggur fyrir.

**c) Umsókn um nýtt rekstrarleyfi fyrir Miðmundarholt 2 fastanúmer 222-2474 gisting flokkur II frístundahús frá Reyni Erni Pálmasyri, f.h. Margrétarhofs ehf.**

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við að rekstrarleyfi verði veitt með fyrirvara um samþykki byggingarfulltrúa. Hreppsnefnd óskar eftir afriti af leyfinu þegar það liggur fyrir.

**d) Umsókn um nýtt rekstrarleyfi fyrir Miðmundarholt 5 fastanúmer 222-6086 gisting flokkur II frístundahús frá Reyni Erni Pálmasyri, f.h. Margrétarhofs ehf.**

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við að rekstrarleyfi verði veitt með fyrirvara um samþykki byggingarfulltrúa. Hreppsnefnd óskar eftir afriti af leyfinu þegar það liggur fyrir.

**e) Beiðni frá Guðný Eiríksdóttur og Arnari Stefánssyni um að taka húsin á Þóristungum og hestagirðingar á leigu.**

Með vísan í bókun hreppsnefndar frá 53. fundi frá 13. desember 2017, dagskrárlið 5. d) liður 6 hafnar hreppsnefnd erindinu.

**3. Stórólfsvöllur kauptilboð**

Borist hefur kauptilboð í jörðina Stórólfsvöllur fastanúmer 219-4632, 219-4632 og 225-9405 frá Rangárbingi eystra upp á 121.286.000 kr. héraðsnefnd Rangæinga hefur samþykkt kauptilboðið með fyrirvara um samþykki sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna.

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi kauptilboð fyrir sitt leyti.

**4. Samstarfssamningur um sameiginlegan seyrurekstur**

*Lögð fram drög að samningi þar sem meðal annars kemur fram að sveitarfélögin*

*Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Flóahreppur og Ásahreppur gera með sér samstarfssamning um sameiginlegan rekstur tækja og svæðis vegna hreinsunar og verkun seyru með aðstöðu að Flátholti 3 á Flúðum í Hrunamannahreppi.*

Samkomulag er milli sveitarfélaganna um að standa sameiginlega að hreinsun, verkun og förgun seyru. Markmiðið er að endurvinna seyru á þann hátt að hún teljist til hreinsaðar seyru skv. skilgreiningu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Tilgangurinn er að standa sameiginlega að afsetningu seyrunnar á skilgreind svæði í samráði við landeigendur og Landgræðslu ríkisins á grundvelli samnings þar um. Standa sameiginlega að hreinsun seyru á rotþróum og hreinsimannvirkjum sem heyra undir sveitarfélögin. Fjárfesting og rekstur á sameiginlegu svæði um verkun seyru að Flatholti 3 Flúðum. Jafnframt tekur samkomulag til fjárfestingar og rekstur á sameiginlegum tækjabúnaði til meðhöndlunar og losunar á rotþróum í sveitarfélögunum, t.d. hreinsibífreiðum.

Fjárfesting vegna stofnkostnaðar sameiginlegs seyrusvæðis og hreinsitækja er reiknuð hlutfallslega út frá fjölda byggðra lóða sem hafa hlotið lokaúttekt byggingarfulltrúa í sveitarfélögunum og eiga að vera tengd fráveitukerfi. Árlegum rekstrarkostnaði vegna reksturs á seyrusvæði er skipt milli sveitarfélaganna eftir magni hreinsaðrar seyru.

Samkvæmt samningnum sér Hrunamannahreppur um framkvæmd og umsjón verkefnisins og verður umsjónarfélag þess. Það heldur utan um fjárfestingu, rekstur og skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaganna og miðlar þeim með reglulegum hætti til sveitarfélaganna.

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi samstarfssamning fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

## **5. Uppgjör launagreiðenda til A deildar Brúar lífeyrissjóðs vegna breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997**

Lagt fram samkomulag um uppgjör á milli Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga og Ásahrepps. Þann 19. september 2016 gerðu Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs og Samband íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, með sér samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Markmið samkomulagsins var að samræma lífeyrisréttindi á almennum og opinberum vinnumarkaði, að aldurstenging réttinda yrði grundvallarregla kerfisins og að lífeyristökualdur skyldi hækkaður til að stuðla að sjálfbærni kerfisins. Miðuðu breytingarnar að því að koma á samræmdu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn. Fól samkomulagið í sér að breytingar skyldu gerðar á málefnum A-deilda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins („LSR“) og Brúar. Meðal annars skyldi ávinnsla lífeyrisréttinda í A-deildum LSR og Brúar verða aldurstengd en ekki jöfn og lífeyristökualdur skyldi hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við framangreindar breytingar skyldu réttindi virkra sjóðfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda. Samhliða samkomulaginu gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum við samþykkt viðkomandi sveitarstjórna á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar. Aðilar samkomulags þessa líta svo á að framangreindur fyrirvari falli brott við undirritun samkomulags þessa. Þann 22. desember 2016 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 127/2016 um breytingu á lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og byggðu þau að megin Stefnu til á því samkomulagi. Í lögnum er meðal annars kveðið á um greiðslu ríkisins á framlagi til A-deildar LSR sem ætlað er að standa undir lífeyrisauka til sjóðfélaga sem rétt eiga á honum samkvæmt lögnum. Lífeyrisauki er þar skilgreindur sem sá mismunur sem er á annars vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökualdri og hins vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri. Myndar framlagið svonefndan lífeyrisaukasjóð. Í lögnum er einnig kveðið á um framlag ríkisins í sérstakan varúðarsjóð A-deildar LSR, sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð og framlag ríkisins til A-deildar LSR til að koma áfallinni stöðu deildarinnar í jafnvægi. Samkomulag þetta lýtur að uppgjöri á hlutdeild Ásahrepps. Ásahreppur skuldbindur sig til að greiða 1.373.631 kr. framlag í jafnvægissjóð A-deildar, 1.594.594 kr. framlag í lífeyrisaukasjóð A-deildar Brúar og 171.551 kr. framlag í varúðarsjóð A-deildar Brúar.

## Hreppsnefnd

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi samkomulag og að það verði innt af hendi með útgáfu skuldabréfa. Skuldabréfin skulu vera á því formi sem er að finna í viðauka 2 (Form að skuldabréfi vegna framlags í jafnvægisjóð), viðauka 3 (Form að skuldabréfi vegna framlags í lífeyrisaukasjóð) og viðauka 4 (Form að skuldabréfi vegna framlags í varúðarsjóð).

Hreppsnefnd samþykkir samkomulagið sem viðauka 1 við fjárhagsáætlun hreppsins og felur sveitarstjóra í samstarfi við endurskoðenda hreppsins að ganga frá viðaukanum í samræmi við sveitarstjórnarlög, nr. 138/2011.

#### 6. Vatnajökulsþjóðgarður kynning

Undir þessum lið mættu Ásta Berghildur Ólafsdóttir fulltrúi Ásahrepps í svæðisráði vestursvæðis, Fanney Ásgeirsdóttir þjóðgarðsvörður vestursvæði og Jóna Björk Jónsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á vestursvæði. Farið var yfir starfsemi þjóðgarðsins og væntingar til framtíðar. Rætt um mikilvægi þess að tryggð sé landvarsla á vestursvæði allt árið.

Umræður um aðstöðuna í Nýjadal, Hrauneyjum og að Vatnajökulsþjóðgarður kynni starfsemi sína fyrir menntastofnunum á svæðinu.

#### 7. Næsti fundur hreppsnefndar

Næsti fundur hreppsnefndar verður haldinn miðvikudaginn 14. febrúar nk. kl. 09:00 á skrifstofu Ásahrepps á Laugalandi.

#### Til kynningar:

- A. European Youth Capital 2021 Applications are open
- B. Félagafundur SOS 15. des. 2017
- C. Til umsagnar 26. mál frá nefndasviði Alþingis
- D. Til umsagnar 27. mál frá nefndasviði Alþingis
- E. Til umsagnar 40. mál frá nefndasviði Alþingis
- F. Suðurland valið útvistar áfangastaður ársins 2018
- G. 527. fundur stjórnar SASS
- H. Til umsagnar 11. mál frá nefndasviði Alþingis
- I. 262. fundur stj. SOS
- J. Hátíðarfundur Rannsóknar og vísindasjóðs Suðurlands
- K. SÍBS líf og heilsa á Suðurlandi í janúar, heilsufarsmælingar
- L. 1801002SA - Frumvörp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga
- M. Mannamót 2018 – boðsbréf
- N. Opið fyrir umsóknir um styrki frá NATA
- O. Áfangastaðaáætlun DMP á Suðurlandi - kynning fyrir sveitarstjórnir og atvinnumálanefndir
- P. Umræðu - og upplýsingafundur 9. febrúar : Vinakotshópurinn
- Q. Ný persónuverndarlög
- R. Endurheimt og varðveisla votlendis á Íslandi-Lykilhlutverk sveitarfélaga
- S. Mannvirkjastofnun, brunavarnaáætlun ekki í gildi

Fundargerð yfirlesin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:32

---

Elín Grétarsdóttir (sign)

Hreppsnefnd

---

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

---

Egill Sigurðsson (sign)

---

Karl Ölvisson (sign)

---

Nanna Jónsdóttir (sign)